

Reglur lagadeildar Háskóla Íslands um lögfræði sem aukagrein fyrir stúdenta í BA- og BS- námi við aðrar deildir Háskólans

Samþykktar á deildarfundi 30. maí 2007

Breytingar á númerum, námskeiðum og ECTS einingum samþykktar deildarfundi 31. mars 2009

Með breytingum samþykktum á deildarfundi 25. ágúst 2009 og á deildarfundi 27. október 2015

1. gr.

Almenn ákvæði

Lagadeild Háskóla Íslands býður upp á nám í lögfræði sem aukagrein fyrir stúdenta í BA- og BS-námi við aðrar deildir Háskólans þar sem reglur þessara deilda standa því ekki í vegi.

Boðið er upp á lögfræði sem aukagrein á alþjóðasviði, fjármunaréttarsviði, refsiréttarsviði, stjórnáskilfræðisviði, umhverfis- og auðindaréttarsviði og á almennu sviði.

Að jafnaði er boðið upp á kennslu í þeim námskeiðum, sem eru í kjarnanámi á hverju ári og kjörnámi, á tveimur háskólaárum. Lagadeild áskilur sér þó rétt til að fella niður kennslu í tilteknum námskeiðum, sem kennd eru annað hvert háskólaár, sé þátttaka ekki næg eða af öðrum ástæðum.

Reglur lagadeildar um kennsluhætti og próffyrirkomulag, þ.m.t. um lágmarkseinkunnina 6,0 í öllum námskeiðum, gilda um þá stúdenta sem taka lögfræði sem aukagrein við aðrar háskóladeildir.

Lýsingar á námskeiðum við lagadeild eru birtar í kennsluskrá Háskóla Íslands.

Stúdent sem skráir sig í 1-3 eininga verkefni skal velja sér efni og umsjónarkennara, að höfðu samráði við kennarann, og tilkynna deildarstjóra á skrifstofu lagadeildar um það innan fjögurra vikna frá byrjun viðkomandi kennslumisseris.

Stúdent, sem hefur verið skráður í laganám og hefur staðist próf í einu eða fleiri námskeiðum á fyrsta ári BA-náms við deildina, getur fengið það nám metið í námi samkvæmt 2.-7. gr. reglna þessara.

2. gr.

Lögfræði sem 60 eininga aukagrein á alþjóðasviði

Nám í lögfræði sem aukagrein á alþjóðasviði skiptist þannig, að 42 einingar eru kjarnanám (skyldunámskeið) og 18 einingar eru kjörnám (valnámskeið).

Eftirfarandi 6 námskeið teljast til kjarnanáms:

LÖG104G	6,0e	Inngangur að lögfræði sem aukagrein
LÖG201G	15,0e	Stjórnskipunarréttur ásamt ágrípi af þjóðarétti
LÖG206G	6,0e	Evrópuréttur
LÖG109F	6,0e	Basic Course in Public International Law
LÖG111F	6,0e	International Human Rights Law
LÖG003G	3,0e	Einstaklingsverkefni

Eftirfarandi námskeið teljast til kjörnáms og ber nemanda að velja þrjú þeirra:

LÖG243F	6,0e	EU-EEA Law I
LÖG244F	6,0e	EU-EEA Law II
LÖG219F	6,0e	Evrópskar mannréttindareglur
LÖG213F	6,0e	Law of the Sea
LÖG234F	6,0e	International Economic Law
LÖG235F	6,0e	Law of Armed Conflict

3. gr.

Lögfræði sem 60 eininga aukagrein á fjármunaréttarsviði

Nám í lögfræði sem aukagrein á fjármunaréttarsviði skiptist þannig að 48 einingar eru kjarnanám (skyldunámskeið) og 12 einingar eru kjörnám (valnámskeið).

Eftirfarandi sjö námskeið teljast til kjarnanáms:

LÖG104G	6,0e	Inngangur að lögfræði sem aukagrein
LÖG303G	10,0e	Samningaréttur
LÖG504G	10,0e	Kröfuréttur I
LÖG603G	8,0e	Kröfuréttur II
LÖG228F	6,0e	Fjármuna- og efnahagsbrot
LÖG211F	6,0e	Fjármálamarkaðir
LÖG002G	2,0e	Einstaklingsverkefni

Eftirfarandi námskeið teljast til kjörnáms og ber nemanda að velja tvö þeirra:

LÖG206G	6,0e	Evrópuréttur
LÖG243F	6,0e	EU-EEA Law I
LÖG244F	6,0e	EU-EEA Law II
LÖG102F	6,0e	Félagaréttur I
LÖG202F	6,0e	Félagaréttur II
LÖG119F	6,0e	Höfundaréttur
LÖG106F	6,0e	Samkeppnisréttur
LÖG107F	6,0e	Íslenskur skattaréttur – almennur hluti
LÖG209F	6,0e	Alþjóðlegur skattaréttur – almennur hluti
LÖG152F	6,0e	Hugverkaréttur á sviði iðnaðar

4. gr.

Lögfræði sem 60 eininga aukagrein á refsiréttarsviði

Nám í lögfræði sem aukagrein á refsiréttarsviði skiptist þannig, að 44 einingar eru kjarnanám (skyldunámskeið) og 16-18 einingar eru kjörnám (valnámskeið).

Eftirfarandi sex námskeið teljast til kjarnanáms:

LÖG104G	6,0e	Inngangur að lögfræði sem aukagrein
LÖG502G	10,0e	Refsiréttur I
LÖG604G	8,0e	Refsiréttur II
LÖG605G	8,0e	Réttarfar II
LÖG104F	6,0e	Ofbeldisbrot frá sjónarhóli kvennaréttar
LÖG116F	6,0e	Umhverfisrefsiréttur

Eftirfarandi námskeið teljast til kjörnáms og ber nemandi að velja tvö eða þrjú þeirra:

LÖG203G	10,0e	Fjölskyldu og erfðaréttur
LÖG228F	6,0e	Fjármuna- og efnahagsbrot
LÖG123F	6,0e	Viðurlög og viðurlagapólitík
LÖG111F	6,0e	International Human Rights Law
LÖG303F	6,0e	Alþjóðlegur refsiréttur

5. gr.

Lögfræði sem 60 eininga aukagrein á stjórnáskilsviði

Nám í lögfræði sem aukagrein á stjórnáskilsviði skiptist þannig, að 48 einingar eru kjarnanám (skyldunámskeið) og 12 einingar eru kjörnám (valnámskeið).

Eftirfarandi fimm námskeið teljast til kjarnanáms:

LÖG104G	6,0e	Inngangur að lögfræði sem aukagrein
LÖG201G	15,0e	Stjórnskipunarréttur
LÖG306G	8,0e	Stjórnsýsluréttur I
LÖG405G	12,0e	Stjórnsýsluréttur II
LÖG117F	6,0e	Sveitarstjórnarréttur
LÖG001G	1,0e	Einstaklingsverkefni

Eftirfarandi námskeið teljast til kjörnáms og ber nemandi að velja tvö þeirra:

LÖG203G	10,0e	Fjölskyldu og erfðaréttur
LÖG206G	6,0e	Evrópuréttur
LÖG222F	10,0e	Starfsmanna- og vinnuréttur
LÖG243F	6,0e	EU-EEA Law I
LÖG244F	6,0e	EU-EEA Law II
LÖG207F	6,0e	Stjórnsýsluréttur III
LÖG122F	6,0e	Umhverfisréttur
LÖG107F	6,0e	Íslenskur skattaréttur –almennur hluti
LÖG132F	6,0e	Félagsmálaréttur
LÖG405F	6,0e	Persónuréttur og persónuvernd

6. gr.

Lögfræði sem 60 eininga aukagrein á sviði umhverfis- og auðlindaréttar

Nám í lögfræði sem aukagrein á sviði umhverfis- og auðlindaréttar skiptist þannig, að 38 einingar eru kjarnanám (skyldunámskeið) og 22 einingar eru kjörnám (valnámskeið).

Eftirfarandi sjö námskeið teljast til kjarnanáms:

LÖG104G	6,0e	Inngangur að lögfræði sem aukagrein
LÖG306G	8,0e	Stjórnsýsluréttur I
LÖG122F	6,0e	Umhverfisréttur
LÖG116F	6,0e	Umhverfisrefsiréttur
LÖG114F	6,0e	EU Environmental Law
LÖG212F	6,0e	Natural Resources Law

Eftirfarandi námskeið teljast til kjörnáms og ber nemandi að velja alls 22 e.

LÖG243F	6,0e	EU-EEA Law I
LÖG244F	6,0e	EU-EEA Law II
LÖG213F	6,0e	Law of the Sea
LÖG234F	6,0e	International Economic Law
LÖG110F	10,0e	International Environmental Law and Sustainable Development

7. gr.

Lögfræði sem 60 eininga aukagrein á almennu sviði

Stúdent, sem hefur verið skráður í laganám og hefur staðist próf í BA-námskeiðum, sem vega samtals 60 einingar, getur fengið það nám metið til 60 eininga í lögfræði sem aukagrein á almennu sviði. Þetta eru annars vegar námskeið LÖG101G Inngangur að lögfræði (6,0e) og LÖG103G Almenn lögfræði ásamt ágrípi af réttarsögu (18e) og hins vegar 36 einingar skv. vali í öðrum námskeiðum til BA-prófs í lögfræði.

8. gr.

Gildistaka

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað.